



Sigrún Eldjárn.



Hóll. Allar myndirnar eru unnar í olíu á striga.

og Sveaborg, – allir þessir hamrar, klettar og drangar. En síðan er þetta bara svona inní hausnum á mér. Ég nota ekkert fyrirmyndir. Höfuðið á mér er svona að innan.

Ég veit heldur ekki undir hvaða strauma verk mín flokkast. Þau eru hvorki expressjónísk eða strangflatamyndir.

Ég hef ekki gert mér far um að vera meðvituð um myndlist mína. Hugsa ekki útí þær áttir. Ég er lítið meðvituð um samtímaleg áhrif á mig og aðra. Geri lítið að því að leita uppi einkenni og stíla og flokka niður í deildir. Kannski heitir það að vera þröngsýnn, þegar maður getur ekki stillt hlutunum í vítt samhengi. En það er líka erfitt – og ég held það sé ekki hægt – að koma sér upp góðu útsýni yfir samtímann. Maður er inní honum. Hluti af honum. Fastur og getur ekki annað en unnið verk sitt og skilað sínu. Kannski þetta sé bara viss tegund af víðsýni.

- Mér finnst vera mikil gróska hér á landi í öllum listgreinum. Það er engin kreppa þar. Það sem setur kannski mark á myndlistina er hvað fólk fer mikið til útlanda í skóla, kemur svo heim og flytur með sér áhrif héðan og þaðan. Út kemur skemmtilegur grautur og ekkert nema gott um hann að segja. Við erum ekki lengur einangrað land, samt nógu langt í burtu frá stóra heiminum til að geta kannski soðið úr öllum áhrifunum ágætis mauk með öðruvísi bragði, okkar eigin bragði. Sjálf hef ég ekki verið lengur en nokkra mánuði í einu erlendis. Hef ekki haft þörf á því. En mér þykir gott að skipta við og við um umhverfi í dágóðan tíma og vinna annars staðar en hér. Það er alveg nauðsynlegt. Þó mér þyki hversdagsleikinn góður þá þarf maður stundum að sjá eitthvað annað, eitthvað nýtt og vera smástund í burtu. Þá er líka svo gott að koma heim.

- Ég er rólynd manneskja og reyni ekki að vasast í of mörgu. Ég bý bara til þær myndir sem mér finnst ég þurfa að gera og langar til að gera. Held mínu striki og skemmti mér við það. Reyni að ganga lengra og takast á við eitthvað meira en síðast. Það má ekki standa í stað. Það er svo leiðinlegt.

En hvað það er sem stjórnar leiðinni og hvernig mitt strik er á litinn . . . Ég kæri mig kannski ekki um að vita það. Það er ekkert gaman að vita of mikið. Það er allt-af eitthvað að gerast í manni. Eitthvað ómeðvitað. Hugarheimur manns er eins og vél sem snýst ekki bara um eitt tannhjól í einn og sama hringinn. Það gerist eitthvað meira þar. Eitthvað sem verður alltaf ofvaxið skilningi mínum.

Síðan reyni ég að halda mér við efnið og vinna. Það má ekki gleyma því að þetta er vinna. Ég vinn á hverjum degi þó ég sé kannski ekkert sérstaklega öguð. Ég hugsa að ég vinni hratt. Mér hefur alltaf gengið vel að vinna og ég hef ánægju af því.

Það er alltaf erfitt að segja eitthvað um myndirnar sínar, hvað þær tákni, o.s.frv. Kannski vill maður það ekki. Kannski er maður hræddur við það. Ég vona fyrst og fremst að þær geti talað sjálfar. Til fólks. Þó ekki endilega í orðum. Það er til önnur tjáning en orð. Og einhvern veginn er ég vantrúuð á of mikið tal.

ERLENDIR RITHÖFUNDAR

SAUL BELLOW

Litlausar persónur í litríkum mannraunum

eftir Ágúst Sverrisson

Rithöfundurinn Saul Bellow er af gyðingaættum, fæddur í Kanada en sleit barnsskónum í Chicago. Hann á að baki nám í þremur háskólum og státar af B.Sc.-gráðu í fornleifafræði. Ásamt ritstörfum hefur hann sinnt háskólakennslu í gegnum tíðina.


Bellow hefur hlotið fjölda verðlauna og viðurkenninga fyrir skáldskap sinn en hæst ber þar Nóbelsverðlaunin sem honum voru veitt 1976 og var hann þá fyrsti Bandaríkjamaðurinn til að hljóta þau síðan John Steinbeck gerði það 1962. Í umsögn sinni um verðlaunahafann lagði Konunglega sænska Akademían sérstaka áherslu á hina stuttu skáldsögu Seize the Day og gaf henni einkunnina klassískt nútímaverk. Umrædd saga er þó að eins brot af miklu höfundarverki Saul Bellows sem hér verður lítillega stiklað á.

Bókmenntafræðingar hafa gjarnan skilgreint verk Saul Bellows í ljósi tveggja heimspekikenninga: Heimspekingurinn Husserl, sem var brautryðjandi í fyrirbærafræði, sagði að við rannsókn á innra eðli hluta og tilgangi, væru fyrirbærin „orsök", „áhrif" og „aðstæður" gagnslaus og jafnvel til trafala. Heidegger, höfundur tilvistarstefnunnar, boðaði að sérhver einstaklingur væri í eðli sínu án persónueinkenna en veldi sér ómeðvitað persónuleika sinn með röð ákvarðana á ekki ólíkan hátt og kristið fólk öðlast trúarhita sinn.

Segja má að hinar óhamingjusömu söguhetjur Bellows séu staddar í einskismannslandi milli þessara tveggja kenninga: Þær eru afar litlausar og reyndar svo grámuggulegar að telja má það listrænt afrek að geta látið þær bera uppi heilu sögurnar. Oftar en ekki er um að ræða veiklundaða meðaljóna sem eru óöruggir með sjálfa sig og finna ekki tilgang með eigin tilveru. Óvæntar aðstæður knýja persónurnar til óþægilegrar sjálfskoðunar. Sannarlega ekki líflegt söguefni atarna en Bellow lífgar upp á texta sinn með því að leiða fram líflegar aukapersónur sem helst virðast ættaðar úr b-myndum hvíta tjaldsins, svo sem smáglæpamenn, drykkfelld skáld, misheppnaðir ættingjar og óheiðarlegir lögfræðingar, jafnframt því sem hann dregur upp óvenjulegar aðstæður, sem eru á skjön við hugsanahátt hinna litlausu aðalpersóna. Þessi frásagnarleið getur verið frjó en stundum hefur blandan ekki þótt ganga upp hjá Bellow, a.m.k. ekki í bókinni Henderson the Rain King, sem fjallar um bandaríska kaupsýslumann er gerist regnkonungur meðal frumbyggja Afríku. Er sú bók almennt talin eina misheppnaða verk hans til þessa.

Fyrsta skáldsaga Nóbelsskáldsins, The Dangling Man (1944), fékk afbragðsviðtökur. Hún greinir frá ungum og alvarlega þenkjandi manni sem í fyrsta sinn á fullorðinsárum fær tækifæri til að gera það sem hann lystir í nokkra mánuði. Hann bíður herkvaðningar sem ekki er væntanleg innan skamms en eiginkona hans ákveður að sjá þeim báðum farborða þennan biðtíma og veita bónda sínum þar með langþráð frí til að sinna hugðarefnum sínum, lestri og fræðimennsku. Sagan er látin vera dagbókarfærslur mannsins þetta tímabil og brátt verður ljóst að þær eru það eina sem hann kemur í verk í þessu frii sínu. Hann er nefnilega ekki undir það búinn að upplifa aðstæður sem þessar og reynist ekki valda þessu skyndilega frelsi sínu frá hverdagsamstrinu heldur leiðir það hann útí óþægilega sjálfskoðun og sífellt gagnrýnni afstöðu til lífsins. Verður maðurinn smám saman svo sjálfhverfur og sérvitur og um leið svo gagnrýninn á tilgangsleysi í umhverfinu að nær dregur mörkum geðveiki. Um það leyti sem hann finnur að hann er að missa stjórn á hegðun sinni skráir hann sig sjálfviljugur í herinn og prísar sig sælan. Í lok sögunnar syngur hann skyldurækninni og daglegu amstri lof í sjálfhæðnum tón.

The Victim (1947), önnur og nokkuð lengri skáldsaga, hlaut einnig mikið lof á sínum tíma og hefur hreint ekki úrelst þá áratugi sem liðnir eru frá útkomu hennar.



Hún segir frá ákaflega óöruggum millistéttarmanni sem þola þarf fáránlegar ásakanir fyllibyttu sem hann þekkir varla, um að hann hafi eyðilagt líf rónans með ógætilegum orðum við vinnuveitanda hans fyrir mörgum árum. Vegna óöryggis síns og ótryggrar sjálfsmyndar tekst aðalsöguhetjunni ekki að hreinsa samvisku sína af þessum fáránlegu ásökunum og smám saman situr hann uppi með hinn uppáþrengjandi utangarðsmann sem sífellt færir sig upp á skaptið. Allt þar til okkar maður tekur sér tak og gerir upp málin af hörku í lokin.

Þessi afbragðsgóða saga hefur mismunandi áhrif á lesendur, sumum finnst hún fyndin, aðra fyllir hún þunglyndi.

Hin örstutta skáldsaga Seize the Day er álitin meistaraverk og talin hafa fært Bellow Nóbelsverðlaunin: Segir þar frá miðaldra manni sem er afar tættur persónuleiki og tilraunum hans til að lynda við ofsafenginn og hrjúfan föður sinn.

Að dómi fræðimannsins Kenneth Mcleish er skáldsagan Humboldt's Gift sem út kom 1975 besta verk Bellows til þessa. Mcleish fellir þessi orð um það verk í uppflettiriti sínu The Arts in the Twentieth Century: „Humboldt's Gift er hápunkturinn á ferli Saul Bellows til þessa, ekki síst fyrir það að í henni glæðir hann aðalpersónuna og sögumanninn, Charlie Citrine, skemmtilegri sjálfsmeðaumkun og sérhlífni, ef þetta væri kvikmynd en ekki skáldsaga þá léki Jack Lemmon aðalhlutverkið. Citrine er ringlaður vegna auðsótts ríkidæmis síns og einnig hvernig það gengur honum úr greipum svo greiðlega eftir því sem á bókina líður. Hann er þjakaður af hæfileikamissi, svikum fólks við sig, en umfram allt af tvífara sínum og látnum vini, hinu drykkfellda skáldi, Humboldt Fleish." Humboldt's Gift hefur sem sagt meira skemmtanagildi en margar aðrar bækur Bellows þó að allar séu þær góð skemmtun sönnu bókmenntafólki.

Þegar verk Bellows hin síðari ár eru skoðuð kemur í ljós að hann lætur engan bilbug á sér finna og aldrei hefur hallað undan fæti á 40 ára höfundarferli snillingsins. Þannig segir rithöfundurinn og gagnrýnandinn Martin Amis (sem einnig hefur verið til umfjöllunar í þessum þáttum) að smásagnasafn Bellows, Him with his foot in his mouth, sé afbragðsgott og að ein sagan í bókinni sé bæði lengri og betri en Seize the Day.

Bækur eftir Saul Bellow eru fáanlegar í flestum stærri bókaverslunum í Reykjavík en greinarhöfundi er ókunnugt um íslenskar þýðingar á verkum hans.